

Borgarráð

Varmahlíð 1 - Perlan - rekstur og breytingar 2016

Lagt er til að skrifstofu eigna og atvinnuþróunar verði falið að ganga til samninga við Perlu norðursins um leigu á Perlunni vegna sýningar á Náttúru Íslands á grundvelli framlagðra ganga Perlu norðursins ehf, umsögn dómnefndar og áður birtri auglýsingu þar sem auglýst var eftir áhugasömum aðilum um rekstur á náttúrusýningu í Perlunni.

Greinargerð:

Allt frá því að Reykjavíkurborg keypti Perluna af Orkuveitu Reykjavíkur hefur verið unnið að því að finna húsinu verðugt hlutverk með það að leiðarljósi að Perlan verði áfram aðgengileg almenningi og hluti af Öskjuhlíðinni. M.a. var skrifað undir leigusamning við ríkið um að koma upp sýningu á náttúru Íslands í húsinu. Sá leigusamningur fékk hins vegar ekki formlega staðfestingu. Eftir að sýnt þótti að ríkið mundi ekki taka þátt í sýningu á náttúru Íslands í Perlunni var ákveðið að auglýsa húsið til leigu. Auglýst var eftir áhugasömum aðilum um rekstur á sýningu í Perlunni sem fjallaði á metnaðarfullan hátt um náttúru Íslands. Skilafrestur rann út 22. febrúar.

Einn aðili skilaði gögnum, Perla norðursins ehf. Dómnefnd sem skipuð var til að meta umsóknir hefur farið yfir umsóknina og telur hana uppfylla öll þau skilyrði sem sett voru fram í auglýsingunni og að umsóknin sé vönduð og trúverðug. Dómnefndin leggur til að Reykjavíkurborg leggi í samningaviðræðunum áherslu á eftirtalin atriði:

- Að hugað sé sérstaklega að fræðsluhlutverk sýningarinnar og tengslum við skóla og sér í lagi heimsóknnum frá skólum Reykjavíkurborgar.
- Að skoðuð verði möguleg aðkoma borgarinnar í gegnum *Meningarkortið* , eða *Reykjavik City Card* .
- Að tryggt sé að staðið verði við hin metnaðarfullu áform um náttúrusýningu sem byggir á nýjustu og bestu þekkingu á sviði náttúrufræða og þétt og góð tengsl við fræðaheiminn.

Perla norðursins ehf. var stofnað á árinu 2015. Markmið félagsins er að setja upp metnaðarfulla náttúrusýningu í Perlunni fyrir Íslendinga og ferðamenn. Áætlað er að stofnkostnaður sýningarinnar verði um 1.550 milljónir kr. (án vsk). Hluthafar í Perlu norðursins ehf. eru Landsbréf/ITF1, Perluvinir ehf. og Salta ehf & Lappland ehf.

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:

Fundargerð dómnefndar vegna umsóknar um rekstur Náttúrusýningar í Perlunni, haldinn í Ráðhúsi Reykjavíkur,
26. febrúar 2016.

Auglýsing og gögn til bjóðenda.

Innsend gögn Perlu norðursins ehf.